

109 okt. 1875, og undirgekkst fátækra-
 11. sept. stjórn bæjarins að greiða allan kostnað við legu sjúk-
 lingsins. Þessi ráðstöfun var síðan tilkynnt hreppsnefndinni í Álptaneshreppi, þar sem sjúklingurinn átti sveit, en samt eigi fyrr en 4. febr. 1876, og var jafnframt krafizt endurgjalds fyrir legukostnaðinn, enda gjörði hreppsnefndin þegar ráðstöfun til að flytja sjúklinginn heim til sín. Í úrskurði yðar takið þjer fram, að spurning geti verið um það, hvort hinn langi, og, að því er sjeð verður, ónaúðsynlegi dráttur Reykjavíkur fátækra-
 stjórnar á því, að tilkynna Álptaneshreppi áminnsta ráðstöfun, eigi ekki að hafa þá afleiðingu, að Álptaneshreppur samkvæmt grundvallarreglum í fátækra-reglugjörðinni 8. jan. 1834, 9. gr., sbr. landshöfðingjabrjef 17. nóv. 1874 — Stjórnartíð. 1874 B 31 — sleppi við að endurgjalda þann hluta kostnaðarins, sem á fjell þangað til endurgjaldsins var krafizt, en þó hefir yður eigi þótt alveg nægileg ástæða til að synja endurgjalds þess, er fátækra-
 stjórn kaupstaðarins hefir farið fram á, þar sem dvöl sjúklingsins á spítalanum að minnsta kosti nokkuð af tímanum virðist hafa verið alveg nauðsynleg.

Jeg verð nú að vera yður samdóma um það, herra amtmaður, að fátækra-
 stjórn Reykjavíkur hafi eigi haft ástæðu til að draga áminnsta tilkynningu, og það því síður, sem Álptaneshreppur má heita næsta sveit við Reykjavík. En úr því að þessi dráttur á tilkynningunni verður eigi rjettlættur, leiðir það af grundvallarreglum fátækralaganna, sem ætlast til, að sveitarstjórnin þar, sem fátæklingurinn er sveitlægur, ráði því, hver framfærsla honum skuli veitt, og heimila sveitarstjórninni þar, sem fátæklingurinn dvelur, að eins að veita honum bráðabirgðahjálp, að Reykjavíkur fátækra-
 stjórn getur eigi átt heimting á, að Álptaneshreppur endurgjaldi allan sjúkrahúslegukostnaðinn; en hins vegar virðist ósanngjarnt, að láta allan kostnað þann, er á fjell þangað til endurgjalds var krafizt 4. febr. f. á., lenda á Reykjavíkurkaupstað, eins og Álptaneshreppur hefir farið fram á, þar sem gjöra má ráð fyrir, að hreppsnefndin hefði orðið að láta Sesselju vera kyrra á sjúkrahúsinu eigi allstuttan tíma, þótt fátækra-
 stjórn kaupstaðarins hefði tilkynnt hreppsnefndinni ráðstöfun sína þegar í stað.

Samkvæmt þessu getur Álptaneshreppur eigi komizt hjá að greiða tiltölulegan hluta af áminnstum kostnaði, og virðist sanngjarnt, að það sjeu 80 kr. Ber því Álptaneshreppi að endurgjalda Reykjavíkurkaupstað þessar áttatíu krónur, en að öðru leyti er úrskurður amtsins frá 4. nóv. 1876 felldur úr gildi.

Þetta er yður tjáð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

110 — *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um framfærslu sveitarómaga.* — Í skjali, sem eg meðtók með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 18. f. m., hefir hreppsnefndin í Reyðarfjarðarhreppi í Suðurmúlasýslu áfrýjað úrskurði yðar frá 15. janúar þ. á. um sveitfesti Sæbjarnar nokkurs Þorsteinssonar.

Skjöl málsins bera með sjer, að Sæbjörn þessi er fœddur 24. marz 1840 í Norðfjarðarhreppi. Hann fluttist 8 ára gamall með foreldrum sínum í Reyðarfjarðarhrepp og álitíð þjer í úrskurði yðar, að hann hafi áunnið sjer þar framfærslurjett, með 10 ára dvöl í hreppnum eptir að hann var orðinn 16 ára gamall. Reyðarfjarðarhreppur hefir aptur á móti farið því fram, að Sæbjörn sje sveitlægur í fœðingarhrepp sínum, með því að hann hafi eigi dvalið þessi 10 ár samfleytt í Reyðarfjarðarhreppi. Hefir Sæbjörn skýrt svo frá, að því er þetta atríði snertir, að þegar hann var rúmlega tvítugur, hafi hann farið einn vetur á Þorranum frá fœður sínum, sem hann var þá hjá, að Kelduhólum á Völlum, til þess að nema gullsmíði hjá frænda sínum einum, er þar bjó. Kveðst hann hafa haft

leyfi föður síns til að dvelja á Kelduhólum eins lengi og þeim frændum um semdi, og að mánuði liðnum, eða á Góunni, hafi hann farið heim aptur, af því hann hafi eigi treyst sjer til að nema gullsmíðið. Í annan stað hafi hann nokkrum árum síðar eða snemma í marzmánuði 1866 farið með leyfi páverandi húsbónda síns norður á Akureyri til þess að læra þar skósmíði, en með því að eigi hafi heldur orðið neitt úr þessu námi, hafi hann snúið heim aptur að vörmu spori og verið hjá húsbónda sínum á Eskifirði vistarárið út.

Það má nú telja sannað, að Sæbjörn hafi í hvorttveggja skiptið, er hann fór úr Reyðarfjarðarhreppi, sem nú var sagt, haft leyfi húsbónda síns til að vera í burtu eins lengi og hann vildi. En hins vegar hefir hann hvorki borið það sjálfur nje heldur hefir það sannast á annan veg, að hann hafi verið einráðinn í því, er hann lagði af stað í hvert skiptið, að skipta um samastað, og eigi hefir heldur neitt komið fram fyrir því, að hann hafi átt þess kost, sjer í lagi að hann hafi verið búinn að útvega sjer vist eða samastað þar, sem ferðinni var til heitið, nje annarstaðar utan Reyðarfjarðarhrepps. Nú er þess er gætt þar á ofan, að hann sneri heim aptur í sömu vistina, og hann fór úr, í hvorttveggja skiptið, og að hlutadeigandi sóknarprestur hefir vottað, að hann hafi öll árin 1856—1868 verið talinn á nýárinu heimilisfastur á ýmsum bæjum í sókninni og aldrei getið þess við sig, að hann ætlaði að víkja burt úr sókninni, verð jeg að vera yður sammála, herra amtmaður, að því er snertir úrslit þessa máls, og er því hjer með staðfestur hinn áfrýjaði úrskurður yðar, þar sem Sæbjörn Þorsteinsson er talinn sveitlægur í Reyðarfjarðarhreppi, ásamt þeim, er honum ber að ala önn fyrir að lögum.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um styrk til að byggja upp prestssetur.* — Með þóknanlegu brjefi stiptyfirvaldanna, dags. 12. þ. mán., með tók jeg brjef prestsins sira Jakobs Bjarnarsonar á Torfastöðum, þar sem hann biður um 500 króna styrk úr landssjóði, af fje því, sem ætlað er til óvissra útgjalda, til þess að reisa við og byggja upp staðarhúsin á Torfastöðum, og teljið þjer mjög æskilegt, að þetta fengist, með því að eigi sje annað sýnna en, að staðarhúsin gjörfalli að öðrum kosti og að prestssetrið verði óbyggilegt.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að af því að í fjárlögnum er eigi ætlað neitt fje til þess að reisa við og byggja upp prestssetur, og með því að kostnaður til þess verður eigi talinn með óvissum gjöldum, er upp á kynni að koma, sje jeg mjer eigi fært að veita það, sem hjer er farið fram á.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannanna um byggingu og ábúð þjóðjarða.* — Eins og sjá má af brjefi ráðgjafans til mín, dags. 22. maí þ. á., og prentuðu í Stjórnartíð. þ. á. B — 82, hefir ráðgjafanum virzt nauðsynlegt að taka til ihugunar og gjöra ráðstafanir til betra fyrirkomulags á ábúð jarða þeirra, er landsjóðurinn á, og hefir hann því boðið mjer að leita allra skýrslna, sem á þarf að halda í þessu efni, hjá amtmönnum og umboðsmönnum jarðanna. Alþingi hefir og tekið mál þetta til umræðu á hinu nýlokna þingi og fallizt á þingsályktun út af því, þar sem skorað er á mig að sjá svo fyrir, að umboðsmenn ásamt hreppsnefndum gefi nákvæmar skýrslur um ástand og ábúð hvernarr þjóðjarðar í hverjum hreppi. sendi þær með tillögum sínum um leigumála og nauðsynlegar jarðabætur á hverri jörð til sýslunefnda, þær aptur með álitu sínu til amtsráða, og amtsráðin til landshöfðingja, sömuleiðis með álitu sínu.